



FUNDARGERÐ

FUNDUR VEGNA SKIPSINS ORLIK Í NJARÐVÍKURHÖFN

Dags.fundar 05.07.2019	Tími 10:30 – 11:30	Staður Umhverfisstofnun	Nr. fundar
Fundarboðandi: Sigrún Ágústsdóttir		Fundarritari: Agnar Bragason	
Fundarmenn: Sigrún Ágústsdóttir, Ólafur A. Jónsson og Agnar Bragason frá Umhverfisstofnun. Ásmundur Þorkelsson og Jón Trausti Jónsson frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Ásbjörn Jónsson frá Reykjanesbæ og staðgengill hafnarstjóra. Daði Jóhannesson frá Hringrás. Þráinn Jónsson frá Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Bryndís Skúladóttir frá VSÓ ráðgjöf.			
Afrit sent til: Fundarmanna.			
Markmið fundar: Leggja mat á þörf á aðgerðum vegna skipsins Orlik í Njarðvíkurhöfn og veita ráðgjöf og upplýsingar í þeim efnum.			

Sigrún:

Opnar fundinn. Skipið Orlik liggur við hafnarbakka í Njarðvíkurhöfn og liggur undir skemmdum og þarf að fara í endurvinnslu/niðurrif. Reglur um endurvinnslu skipa gera ráð fyrir að skipaendurvinnslustöðvar sem hafi aðstöðu til að endurvinna skip hafi sérstakt starfsleyfi til þess sem byggir á EES reglum. Þannig hefur Umhverfisstofnun ekki samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir aðstöðu í fjöru í Helguvíkurhöfn. Afstaða Umhverfisstofnunar hefur legið fyrir í samskiptum við úrgangshafa Hringrás og í umsögn til Skipulagsstofnunar um matskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í Helguvík. Þá hefur stofnunin bent Heilbrigðisnefnd Suðurnesja á að nefndin sé ekki bær aðili á að gefa út starfsleyfi fyrir endurvinnslu/niðurrifi skipa sem eru stærri en 500 brúttótonn. Þannig hefur Umhverfisstofnun leiðbeint úrgangshafa um að láta flytja skipið erlendis til viðeigandi endurvinnslu í endurvinnslustöð sem hefur starfsleyfi til þess. Stofnunin telur að með því að láta skipið bíða í höfninni á meðan ástand þess verður sífellt verra með tímanum vera ámælisvert.

Daði:

Gerir athugasemd við að ekkert hafi verið að gert og bendir á kæru um ákvörðun Umhverfisstofnunar um að vísa frá starfsleyfisumsókn fyrir niðurrifi í Helguvík.

Sigrún:

Bendir á að fleiri leiðir séu færar en niðurrif í Helguvík, m.a. að flytja skipið út líkt og gert var með skipið Fjordvík fyrir stuttu síðan.

Rétt að huga að málum eins og þau blasa við núna.

Þráinn:

Leggur fram myndir af skrokki skipsins sem sýna göt. Hann telur ástandið alvarlegt og telur skipið geta farið niður hvenær sem er. Þráinn rekur að Halldór Hermannsson hafnarstjóri hafi haft samband og kannað flöt á því að skipasmíðastöðin tæki við skipinu þar sem hætta er á að það gæti sokkið í höfninni. Grafa fyrir því á lóð skipasmíðastöðvarinnar og nýta m.a. búnað stöðvarinnar við niðurrifið.

Sigrún:

Spyr Ásbjörn frá Reykjanesbæ hver sé afstaða hafnarinnar gagnvart málinu.

**Ásbjörn:**

Segir að í samtali við Halldór hafnarstjóra hafi komið fram að skipið sé mikið áhyggjuefni sérlega yfir vetrartímam. Nú að myndast göt. Mat Halldórs að það væri mikil hætta í gangi.

Sigrún:

Segir að þetta mat hafnarinnar verði að liggja fyrir með skriflegum hætti og biður Ásbjörn um að staðfesta það mat með tölvupósti þannig að það liggi fyrir að þetta sé mat hafnaryfirvalda og bæjarins. Það er fosenda þess að stofnunin geti skoðað málið með þeim hætti að verið sé að eiga við óvenjulegar aðstæður og bráðatilvik.

Ólafur:

Fer yfir lýsinguna á hvernig á að rjúfa skarð í varnargarðinn í höfninni. Biður Ásbjörn um að kanna hvort það þurfi ekki einnig framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins í þessum efnunum. Einnig telur Ólafur mikilvægt að gera verði lýsingu á grunnástandi svæðisins m.t.t. hugsanlegrar mengunar jarðvegs við skipasmíðastöðina á því svæði sem á að grafa á. Spyr um hvort rétt sé að girða svæðið af, um hávaða og ryk og hversu lengi er talið að þetta tímabundna verkefni standi.

Segir að búið sé að upplýsa Landhelgisgæslu um fyrirhugað verk en ábyrgð á mengun innan hafnarsvæðis sé hjá hafnaryfirvöldum.

Daði:

Segir að verkið geti tekið um 3 mánuði en heildartími með frágangi gæti tekið lengri tíma.

Bryndís:

Segir að verkinu sé vel lýst í fyrri umsókn hvað varðar mengunarvarnir, dúk, dælubúnað, astbest etc.

Sigrún:

Rekur að skipasmíðastöðin er með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd fyrir meðhöndlun á skipum upp á 500 tonn en skip að þessari stærð um 1900 brúttótonn er starfsleyfisskyt hjá Umhverfisstofnun. Hægt er að sækja um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, að því tilskyldu að skipasmíðastöðin sækir um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar um endurvinnslu skipa og fyrir liggi niðurstaða hjá Skipulagsstofnun um mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða matsskyldufyrirspurnar. Ef kemur til ákvörðunar um undanþágu þá er það farvegur fyrir stofnunina til að setja inn formlegar mengunarvarnir sem hægt yrði svo að hafa eftirlit með. Umhverfisstofnun myndi sinna eftirliti með skilyrðum undanþágu í samstarfi við heilbrigðisnefnd.

Ásmundur:

Spur um stöðugleika skipsins og meðhöndlunaraðila fyrir astbest.

Daði:

Segir vegalengd mjög stutta og að notast verði við aðila sem hefur öll leyfi til að vinna með astbest.

Áætlun um framhald:

- Höfnin sendi mat sitt til Umhverfisstofnunar.
- Skipasmíðastöðin sendir inn umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.
- Skipasmíðastöðin tilkynnir og lýsir framkvæmdinni til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu.
- Skipasmíðastöðin sækir um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.